

Nr. 046/14 Nanna ÍS 321**Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 6641
Smíðaður: Hafnarfjörður 1985, plast
Stærð: 6,07 brl. 4,95 bt.
Mesta lengd: 8,56 m Skráð lengd: 7,9 m
Breidd: 2,56 m Dýpt: 1,60 m
Vél: Volvo Penta 134 kW, 2003
Fjöldi skipverja: 1



Nanna©Fiskifrétir

Málið afgreitt á fundi 5. desember 2014 af Geirbrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 15. maí 2014 var Nanna ÍS 321 á siglingu frá Sandgerði til Bolungarvíkur. Veður: V 3-5 m/sek

Þegar komið var um 22 sml NV af Garðskaga bilaði skrúfubúnaður svo að önnur skrúfan féll af.

Skipstjóri kallaði í strandstöð og bað um aðstoð. Björgunarbáturinn Þórður Kristjánsson dró Nönnu til Sandgerðis.

Við rannsókn kom fram:

- að báturinn var búinn Duo-Prop skrúfubúnaði þar sem önnur skrúfan var í sama langskurðarfleti framan við hina. Þær hafa hvor sína snúningsáttina. Fremri skrúfan var hert með ró, sem splittuð var með skífu-splitti upp á ytri öxulinn. Aftari skrúfan var einnig hert með ró upp á innri öxulinn en róin var ekki splittuð með sama hætti og fremri róin en skrúfuhousinn splittaði róna með miðjubolta inn á innri öxulinn;
- að skipstjóri hafði öðru hvoru orðið var við titring og smá hávaða frá drifinu.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu en telur að skipstjóri hefði átt að kanna af hverju titringur og hávaði var í drifinu áður en í óefni fór.